



Fundarstaður: Fjarfundur, fundur settur kl. 16:00.

Á fundinn mættu: Þórhallur Jóhannsson formaður, Lárus Heiðarsson, Signý Ormarsdóttir, Gunnar Gunnarsson og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri. Sveitarstjóri fékk fundarboð en mætti ekki og ekki heldur Jóhann F. Þórhallsson.

Dagskrá:

1. Staða verkefna
2. Samfélagsþing
3. Önnur mál

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund. Hann gaf því næst verkefnastjóra orðið.

1. Staða verkefna

Innviðagreining. Sveitarstjórn kláraði að fara yfir hana og er nú verið að leggja lokahönd á textann sem vonandi fer fljótlega í uppsetningu hjá Austurbrú.

Umhverfis- og loftslagsstefnan. Fjölmarginir hafa komið að henni og nú síðast var boðað til fundar 6. október í Végarði með íbúum til að leggja lokahönd á markmiðin. Verið er að ganga frá skjalinu þannig að hægt sé að bera það upp á sveitarstjórnarfundi.

Hádegissamvera. Tillaga kom fram um að bjóða til samveru í Végarði í hádeginu á fimmtudögum og annað hvert mánudagskvöld þar sem fólk gæti keypt máltíð. Um er að ræða tilraun fram að áramótum. Auglýst var eftir matráði og bauðst Vigdís Helgadóttir á Brekku sig fram. Vel hefur verið tekið í þetta og um 12-20 manns snætt saman og spjalla.

Nefndarmenn lýsa ánægju sinni með að þetta framtak og hversu góð þátttakan hefur verið.

Heimasíðan. Öll gögn og grind að uppsetningu er hjá Krossdal en vegna óvæntra aðstæðna hafa þau ekki komist í að vinna síðuna. Þau lofa að farið verði á fullt í þetta nú í byrjun nóvember.

Handverk. Farið er aftur af stað með Hnútu handverkshittinga í Végarði. Verkefnastjóri átti fund með Védísi Jónsdóttur aðalhönnuði hjá ISTEK og einnig fulltrúa Þjóðminjasafnsins í tengslum við vöruhönnun út frá sérstöðu Fljótsdals – náttúru og menningarverðmætum.

Nefndarmenn fagna því að aftur hafi verið farið af stað með handverkshittingana og að verið sé að spá í tækifærin sem felast í handverks- og minjagripagerð.

Matvæli. Hvatt var til þátttöku á Matarmóti Austurlands og Norrænni matvælaráðstefnu sem fór fram í Valaskjálfrá auk Hacking Austurland þar sem verkefnastjóri var skráður mentor. Þetta fór fram um mánaðarmótin okt/nóv. Fulltrúar Fljótsdals á Matarmótinu voru frá Sauðagulli og nokkrir aðrir komu til að fræðast og kynna sér málin. Enginn frá Fljótsdal tók þátt í Hackaþoninu.

Landshlutaskrifstofurnar í samstarfi við Samtök smáframleiðenda matvæla fengu styrk úr Matvælasjóði fyrir verkefnið – Matsjáin. Það verkefni verður auglýst fljótlega og er fyrir smáframleiðendur; hópaskipt, fræðsla, ráðgjöf, heimavinna og jafningjafraeðsla, sem endar mjög líklega í sameiginlegum lokaviðburði.

Umræða um markaðssetningu á fljótsdalslambinu til veitingastaða í dalnum og nágrenni. Lagt er til að með vorinu verði gerð könnun á áhuga veitingastaða að fá slíkt kjöt og meðal bænda að leggja það til eftir sláturtíð næsta haust. Verkefni sem færi þá á ársáætlun 2022.

Starfsmannadagur Austurbrúar fór fram í Végarði 13. október þar sem verkefnisstjóri kynnti Fagra framtíð í Fljótsdal. Signý þakkaði fyrir góða kynningu þann dag og hversu upplýsandi hún var fyrir nýja starfsmenn Austurbrúar og starfsmenn á öðrum starfsstöðvum utan Egilsstaða.

Umsóknir í sjóði. Nokkur áhugi hefur verið á því að sækja um styrki ekki síst í Uppbyggingarsjóð en frestur rann út nú 18. október. Verkefnastjóri veitti þar ráð og yfirllestur, auk þess að vinna eina umsókn. Auglýstir voru einnig styrki og sótt um í verkefni og viðburði er falla undir tvö ráðuneyti, en ekki fékkst framlag frá þeim.

Ýmis verkefni. Þátttaka í skipulagsfundi um svæðisskipulag Austurlands, í vinnunefnd um – Ferðaleiðir - á vegum Umhverfisráðuneytisins, sé um kynningar og úrvinnslu Menningarverðlauna SSA, í virku samstarfsneti atvinnuráðgjafa og verkefnastjóra Brothættra byggða, í vinnunefnd um Störf án staðsetningar, varamanneskja í verkefnastjórn Brothættra byggða á Stöðvarfirði, sé um alla miðlun á heimasíðu hreppsins og samfélagsmiðlum, o.fl.

Sumarfrí. Við ráðningu verkefnastjóra kom fram að hún myndi taka að sér að vera umdæmisstjóri Rótarý á Íslandi starfsárið 2021-2022. Á haustin er talsverð törn í heimsóknum til klúbba um landið. Vinnan hefur verið tekin með en einnig tekið út sumarfrí þar sem lítið fór af því í sumar. Viðvera í Végarði hefur af þessum sökum raskast og ekki alltaf verið á fimmtudögum en upplýst hefur verið á heimasíðu og á samfélagsmiðlum hvenær viðvera er í Fljótsdal. Síminn er með í för og tölvupóstur skoðaður reglulega.

2. Samfélagsþing Fljótsdals

Fyrirhugað er að halda samfélagsþing laugardaginn 30. október í Végarði frá kl. 10:00-13:00. Fara yfir ársverkefni og á hugarflug með áherslur næsta árs – vinnustofa. Veitingar í lokin.

3. Önnur mál

Engin önnur mál tekin fyrir.

Næsti fundur með sveitarstjórn mánudaginn 6. desember kl. 16:30 í Végarði og endað í kvöldverði með íbúum kl. 18:30.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17:15

ÁHBj ritaði